




Efni: Áhrif íbúðabygginga á Ásvöllum á Hraunvallaskóla.

Í deiliskipulagsupprætti er gert ráð fyrir 100-110 íbúðum á Ásvöllu. Í Hafnarfirði er meðaltal íbúa í íbúð um 2,9 einstaklingar. Á grunnskólaaldri er að meðaltali 15% íbúa í hafnarfirði, sem gefur í þessu tilviki 43-48 einstaklinga á grunnskólaaldri, sem dreifist á 10 bekki, það er tæplega 5 börn á grunnskólaaldri í 1-10 bekk. Á síðustu árum hefur börnum fækkað í Hraunvallaskóla, sjá töflur að neðan. Árið 2017 voru 1011 börn í Hraunvallaskóla og nú eru 770 börn í skólanum, þá eru stærri árangar að yfirgefa skólann á næstu árum, miðað við þá árganga sem eru að koma inn í skólann.

Tölur fyrir leikskólabörn eru 17-19 börn(miðað við 6% íbúa á leikskólaaldri), veruleg fækkun hefur verið á síðustu árum í aldurflokki 2-5 ára í þessu hverfi, frá 2017 hefur fækkað úr 397 börnum í 258 börn, þannig að fjöldi leikskólabarna hefur óveruleg áhrif á núverandi skólahverfi.





Virðingarfyllst,

Sigurður Haraldsson

SVIÐSSTJÓRI UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐS